

Nordjobb

www.nordjobb.net

Bæjarstjórn Ísafjarðar
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ

09. mars 2018

Málsnr. 2017-03-0032
Frumrit - - - - -

Reykjavík, 2. mars 2018

Efni: Nordjobb sumarstörf 2018


Nordjobb er samnorðent verkefni sem útvegar ungu fólki á aldrinum 18-30 ára sumarvinnu og húsnæði á hinum Norðurlöndunum, ásamt því að skipuleggja fjölbreytta tómstunda- og menningardagskrá fyrir Nordjobbara í hverju landi fyrir sig.

Fjöldi íslenskra ungmenna fær sumarvinnu á vegum Nordjobb ár hvert, en einnig hefur verið vinsælt meðal íslenskra atvinnurekenda að taka á móti hressum ungmönnum frá hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið hefur frá árinu 1985 greitt laðina fyrir ríflega 20.000 ungmenni til að lifa og starfa í nágrannalöndum yfir sumartímann. Ungmennin öðlast þannig aukinn skilning á menningu frændþjóðanna og kynnast nýju tungumáli. Með því að ráða Nordjobbara veitirðu ungu fólki einstakt tækifæri til að öðlast dýrmæta reynslu og vikka sjóndeildarhringinn.

Nordjobb óskar hér með eftir því að bæjarfélagið Ísafjörður taki þátt í verkefninu og ráði tvo Nordjobbara til starfa sumarið 2018.

Virðingarfyllt,



Kristín Magnúsdóttir
Verkefnisstjóri Nordjobb á Íslandi
Norræna félaginu, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
island@nordjobb.org – s. 551 0165